

Minning Jakob Smári

Hörður Þorgilsson
Landspítali-háskólasjúkrahús

Ég kynntist Jakobi fyrir rúmum aldarfjórðungi. Hann hafði þá nýlokið doktorsprófi í félagssálfræði frá Stokkhólms-háskóla og kom til starfa á geðdeild Landspítala. Þótt Jakob hefði ekki menntun sem klínískur sálfræðingur bjó þáverandi yfirmaður okkar, Gylfi Ásmundsson, yfir þeim mannskilningi að það væri fengur að fá Jakob til starfa. Mat Gylfa reyndist svo sannarlega rétt. Jakob auðgaði hóp okkar og hann var ekki síðri „klíniker“ en við hin sem áttum að kunna til verka. Sjúklingarnir löðuðust að honum, það var eins og þeir finndu að þessi maður hefði eitthvað umfram marga aðra. Kannski var það samhygðin með þeim sem standa höllum fæti, tókin sem hann hafði á öllu því sem hann fékkst við eða aðgengileikinn. Í minningunni er eins og dyrnar að skrifstofunni hans hafi alltaf staðið opnar. Í raun má segja að það hafi verið eitt af því sem einkenndi Jakob. Það var auðvelt að nálgast hann, hann fylgdist með öllu, drakk í sig allt sem hann gat nálgast og það virtust stundum ekki vera nein mörk fyrir því hversu miklu hann gat tekið við eða hversu mörgum boltum hann gat haldið á lofti í einu. Það verður seint sagt að skrifstofan hans hafi verið mjög skipulögð og ekki óalgengt að viðmælendur hans hafi þurft að ryðja sér braut til þess að geta komið sér fyrir. Þessi andstæða er ein af þeim mörgu sem einkenndu manninn. Í huga hans var gott skipulag, yfirsýn góð, tengingar margþættar, vinnslan hröð, sköpunin öflug og minnið gott. Þetta nægði honum að mestu, hann var

ekki upptekinn af ytri ásýnd eða veraldlegu fyrirkomulagi, hann þurfti ekki á því að halda og það veitti honum litla fró. Jakob gat þó ekki verið án þess að hafa umgjörð sem hentaði honum. Hana fann hann í heimi fræða og vísinda og þangað beindist metnaður hans og áhugi.

Árin sem við Jakob unnum saman á Kleppsspítala voru mér afar mikilvæg. Þau voru upphaf áratuga fráberrar vináttu og samstarfs sem hélst þar til hann féll frá. Við unnum saman að tveimur bókum, deildum saman gleði og sorgum og skokkuðum ásamt fleirum um margra ára skeið. Fyrir Jakob voru þessi ár á Kleppsspítala að hluta til stoppistöð á leið hans í háskólasamfélagið. Að hinu leytinu höfðu þau áhrif á þau viðfangsefni sem hann tók sér fyrir hendur. Við þá þræði sem hann hafði spunnið í rannsóknum sínum í félagssálfræði í Svíþjóð bættust viðfangsefni úr klínískri sálfræði. Hann var óþreytandi að reka áróður fyrir því að við hugsuðum í rannsóknartilgátum, notuðum mælikvarða og matstæki til þess að losa okkur undan veikleikum klínískis mats. Hann stækkaði heim okkar og hreyfði við því sem við efuðumst ekki um. Ætla mætti að þessi nýi samstarfsmaður hefði skapað sér óvinsældir með nálgun sinni. En það var öðru nær. Allir fundu að hann vissi hvað hann var að tala um og hann gerði það á þann hátt að engum stóð ógn af. Hann mat og bar virðingu fyrir samferðafólki sínu og ég man ekki eftir að hann hafi átt í útistöðum við neinn mann.

Það má kannski segja að Jakob hafi verið þverstæðukenndur maður. Mig langar að nefna nokkra andstæður því þær sköpuðu þessa einstæðu blöndu sem hann var. Ljúfari manni var erfitt að finna, hann var brosmildur, viðræðugóður og kurteis. En hann var líka áhugasamur og ákafur í öllum samskiptum. Það var aldrei lognmolla þar sem hann fór. Hann fyllti það rými sem hann var í af lífi og fjöri. Í honum var einhver kvika sem aldrei kólnaði.

Hógværari maður var vandfundinn. Hann stærði sig aldrei af afrekum sínum, það var frekar að hann tónaði þau niður, fannst hann stundum vera smár í einhverjum samanburði sem hann kaus. Hann var ekki hrifinn af þeim sem hreyktu sér hátt af litlu tilefni. Um leið var hann mjög metnaðarfullur og kappsamur. Ég reyndi stundum að taka fram úr Jakobi á lokaspretti í hlaupum okkar en réði aldrei við kappið í honum. Honum féll sjaldan verk úr hendi og hann lagði mikla vinnu í allt sem hann kom að. Metnaður hans snéri að því að allt sem frá honum kæmi væri fyrsta flokks.

Jakob var oft utan við sig. Það var eins og hann væri of upptekinn af hugðarefnum sínum til þess að veita hversdagslegum hlutum athygli. Hann tók ekki eftir því hvort hann fór í sína eigin sokka eða sokka meðhlaupara sinna. Hann var jafnan með stóra lyklakippu með fjölmörgum lyklum en gat oft ekki opnað skápinn sinn. Fataskápurinn hans í hlaupahópnum var óreiðukenndur og oft var hann illa klæddur á hlaupunum, fann ekki hanskana eða húfuna. Hann var samt sneggstur að skipta um föt, var á leið á fund, átti von á símtali, vildi klára umræðuna frá hlaupum gærdagsins og hafði skýra skoðun á álitaeftum dagsins. Ég veit ekki til þess að Jakob hafi gleymt einu né neinu sem hann tók sér fyrir hendur, vanrækt neinn eða tapað þræði í þeim fjölmörgu verkefnum sem hann hafði jafnan á sinni könnu. Aginn og skipulagið bjuggu innra með honum.

Um tíma glímdi Jakob við að þýða „Ástríður sálarinnar“ eftir Descartes. Þá hafði hann yndi af því að lesa Ibsen. Hann hlustaði bæði á

Shakespeare og Njálu í I-podinum sínum. Hann hafði full tök á fjölmörgum tungumálum og var nýlega farinn að bæta spænsku í hópinn. Þá átti Jakob auðvelt með að yrkja, stundum var það í léttum dúr en á öðrum tímum býsna dýrt kveðið. En hann fylgdist líka vel með fjölmiðlum hvort sem um var að ræða dægurmál, fréttir eða stjórnmálaumræðu. Hann var vinstrisinnaður alþjóðahyggjumaður, tók oft þátt í umræðum og þrætum um þjóðmál, fylgdist spenntur með Eurovision söngkeppninni, þreifaði fyrir sér í golfi og fór á tónleika með Lou Reed. Hann var háfleygur en líka, til allrar lukku fyrir okkur hin, þátttakandi í hversdaglegri dægradvöl og argaþrasi.

Ég þekkti Jakob ekki í æsku. Ég veit þó af frásögnum hans sjálfs og annarra að hann var nákominn afa sínum, skáldinu og andans manni Jakobi Jóhannessyni Smára og fannst að hann ætti og gæti haldið á lofti þeim gildum sem þaðan komu. Hann var einnig mjög tengdur móður sinni og ég tel að sú sterka taug réttlætiskenndar sem hann hafði sé frá henni og hennar kringumstæðum komin. Þegar óvenjulega miklar gáfur bættust við hlaut útkoman að verða einstök. Hann dúxaði frá MR og hafði úr mörgu að velja. Nám í bókmenntum við Yale með „stóra styrkinn“ í veganesti kom til greina. Læknisfræði hefði hann rúllað upp. Hann valdi hins vegar sálfræði og það í Frakklandi. Hvort sem það hafa verið áleitnar spurningar sem innra með honum bjuggu, róttæknin sem hann hafði tileinkað sér eða hann hafi viljað finna verðugt viðfangsefni fyrir hæfileika sína, þá getum við sem tengjum okkur sálfræðinni hrósað happi.

Mér sýnist viðfangsefni Jakobs innan sálfræðinnar hafa hverfst um tvo ása. Annars vegar ás félagssálfræði og persónuleikasálfræði þar sem lykilhugtökin eru skynjun á öðru fólki, sjálfsvitund og sjálfshugtakið. Hins vegar er það ás próffræða og klínískrar sálfræði þar sem lykilhugtökin eru matstæki, sjúkdómshugtakið og árátta og þráhyggja. Þetta má sjá í rannsóknnum hans, leiðsögn nema, samstarfsverkefnum, kennslu, klínískri vinnu og skrifum. Það er ekki algennt að spanna

og tvinna saman tvær sérgreinar sálfræðinnar en það gerði Jakob og ég held að það hafi átt drjúgan þátt í að skapa þá breidd, dýpt og víðsýni sem hann bjó yfir. Þá bar hann með sér að hafa lært bæði í Frakklandi og Svíþjóð auk dvalar um hríð í Bandaríkjunum.

Doktorsrannsókn Jakobs fjallaði um hlut stöðugra og breytilegra þátta í skynjun á fólki, hvað það væri sem hefði áhrif á það hvernig við mætum fólki og drægjum um það ályktanir. Hér sjáum við hugtök eins og geðslag og sjálfsvitund og áherslu á mikilvægi þess að rannsaka ekki bara fyrirbæri án þess að taka tillit til einstaklingsbreytileika. Rúmum 20 árum eftir að Jakob lauk sínu doktorsnámi er hann enn trúr sínum fyrstu viðfangsefnum þegar hann skrifaði ásamt félögum sínum bókafla í alþjóðlegum bókaflökki um persónuleikasálfræði um sjálfsvitund og áþekk persónuleikahugtök. Í þessum nýlegu bókarskrifum er hann ekki lengur nýbakaður doktor, heldur orðinn þekktur og vel metinn á alþjóðavísu.

Þótt Jakob hafi haldið sig að mestu við ofangreind viðfangsefni er ekki ósennilegt að þau hafi þróast nokkuð með þeim tækifærum sem hann fékk og kringumstæðum sem hann var í. Með fyrstu námskeiðum sem hann kenndi í Háskóla Íslands var „Sálfræðileg próf“ og alla tíð var hann mikill prófamaður. Hann notaði próf mikið í klínísku starfi sínu en var ekki síður mikilsvirkur í að þýða, gera úttektir á og staðla fjölmörg próf. Hann var lykilmáður í að koma MMPI 2 á framfæri og gera ítarlega rannsókn á hvernig bæri að standa að notkun þess hér á landi. Í þeirri vinnu sem annarri kom í ljós hversu góð tók Jakob hafði á flóknum tölfræðilegum og aðferðafræðilegum hugtökum. Þeir skipta síðan tugum þeir kvarðar og matstæki sem hann kom að. Margir þessara matskvarða voru um hans hugðarefni en vegna vinsælda hans sem samverkamaður og leiðbeinandi er fjölbreytnin með ólíkindum.

Eins og fram kom hér að ofan starfaði Jakob um nokkurra ára skeið við klínísk störf á geðdeild Landspítala auk þess að reka sálfræðistofu með nokkrum félögum sínum.

Þetta eru árin eftir doktorsnámið í Svíþjóð og tímabilið áður en hann fer að starfa við sálfræðideildina. Á þessum árum kynnist Jakob vel fræðaheimi klínískrar sálfræði og skoðun hans og rannsóknir á sjúkdómshugtakinu, greiningarkerfum og einstökum röskunum s.s. árátu og þráhyggju byrjuðu að taka á sig mynd. Sjálfsvitundin var ekki langt undan en núna tengd athygli og heilabrotum, hliðrun og bælingu og áhrifum þessa á tilfinningaleg vandkvæði. Rannsóknir hans og skrif upp frá þessu fjalla síðan mikið um hvernig m.a. þessi hugarferli birtast í árátu og þráhyggju og umfjöllun um mismunandi mælitæki á þessari röskun. Í skrifum hans fer það ekki á milli mála að þar fer maður sem hefur góða yfirsýn, á auðvelt með að tengja saman flókin fræðileg hugtök, flétta saman við hversdagsleg fyrirbæri, einstakt lag á að búa til rannsóknartilgátur og vinna úr rannsóknargögnum með þekkingu og skilningi á tölfræði, möguleikum hennar og takmörkunum.

Ekki veit ég hvort Jakob ætlaði sér að þróa sitt eigið líkan um árátu og þráhyggju. Getan og ástríðan var vissulega fyrir hendi en á móti mætti ætla að hafi komið eðlislæg hógværd og skilningur á því að hlutirnir eru sjaldnast einfaldir. Jakob var ekki af neinum einum „skóla“ í fræðastörfum sínum og hann var gagnrýninn á margt. Í kennslu sinni og skrifum var hann gagnrýninn á sjúkdómshugtakið og fjallaði töluvert um hvernig bæri að flokka tilfinningalegan vanda. Hann var eins og sönnum vísindamanni sæmir fyrst og fremst leitandi en ávallt trúr þeirri meginreglu að þar sem það eigi við beri að leita þekkingar með rannsóknum og skrifum. Fáir íslenskir sálfræðingar hafa verið eins ötulir við skrif í alþjóðleg vísindarit og Sálfræðiritið okkar hefði orðið mun fátæklega ef hans hefði ekki notið við. Jakob er meðal örfárra íslenskra sálfræðinga sem hafa náð að skapa sér nafn á alþjóðlegum vettvangi og er oft vitnað til í skrifum annarra sálfræðinga. Vegur hans fór vaxandi eftir því sem á leið og síðasta áratuginn voru ritrýnd skrif hans á fjórum tungumálum orðin hálf hundruðið. Þá er hér

ekki talin með þau verk hans sem voru fyrst og fremst fyrir almenning í formi handbóka eða á vísindavef Háskóla Íslands.

Ef meta á framlag Jakobs til sálfræðinnar á Íslandi er mér einkum þrennt í huga. Hann var gott dæmi um öflugan fræðimann sem setti fordæmi og viðmið um hvernig við getum og eigum að standa að fræðigreini. Fyrir hans tilverknað stendur sálfræðin sterkari en áður. Hann hefur því auðveldað okkur að bera höfuðið hátt og eftl sjálfstraust okkar. Í annan stað hafa allir þeir sem hann hefur kennt og leiðbeint í námi sínu rannsóknum og skrifum notið öflugrar leiðsagnar og fengið veganesti sem mun nýtast þeim vel. Í þriðja lagi er ég ekki í nokkrum vafa um að skrif hans og rannsóknir muni nýtast okkur áfram, bæði þeim sem stunda hefðbundin sálfræðistörf og hinum sem vinna við að þróa og skýra hugtök og stunda rannsóknir.

Við þekktum Jakob í mismunandi samhengi. Margir voru nemendur hans, aðrir samverkamenn, enn aðrir vinir eða venslamenn. Opinberlega var hann sálfræðingur og prófessor. Í minningu flestra var hann samt fyrst og fremst Jakob. Nafnið hans kallar fram skýra mynd af samskiptum, samstarfi og samveru, einstökum manni, fræðimanni, ástríðufullum ljúflingi, manni sem snerti alla og öllum þótti vænt um.

Hörður Þorgilsson Ph.D. er sérfræðingur í klínískri sálfræði á Mannauðssviði Landspítala-háskólasjúkrahúss. Netfang: hordurth@lsh.is